

PRENT- OG LJÓSRLTUNARPAPPÍR - UMHVERFISSKILYRÐI	Dags.	2012-08-30
	Útgáfa	1.1

VIÐFANGSEFNI OG GILDISSVIÐ

Umhverfisskilyrðin eru sett fram á vegum verkefnisins Vistvæn innkaup sem er samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga, sjá nánar á www.vinn.is.

Viðmiðin eru byggð á viðmiðum umhverfismerkja eins og norræna Svaninum og Evrópublóminu. Sé vara vottuð með einhverju þessara umhverfismerkja er það fullnægjandi sönnun á því að viðmiðin í þessu skjali séu uppfyllt.



Viðmiðin taka til óáritaðs pappírs, allt að 170g/m² sem seldur er í örkum eða rúllum og ætlaður til að skrifa á, prenta eða ljósrita. Viðmiðin eiga ekki við um fullunna pappírsvörur svo sem skrifblokkir, litabækur, dagatöl, handbækur.

Umhverfisskilyrðin skiptast í grunnviðmið og ítarviðmið. Við gerð útboðsgagna er hægt að nýta annað hvort grunn- eða ítarviðmiðin:

- **Grunnviðmið**; með þeim er lögð áhersla á mikilvægustu umhverfisáhrif vörunnar eða þjónustunnar. Viðmiðin eru þannig útfærð að það er tiltölulega auðvelt að sannreyna að þau séu uppfyllt.
- **Ítarviðmið**; gera meiri kröfur til vörunnar eða þjónustunnar um að hún sé sú besta á markaðnum. Til að sannreyna að ítarviðmiðin séu uppfyllt getur þurft meiri þekkingu á vistvænum innkaupum.


Grunn- og ítarviðmiðin samanstanda af lágmarksskilyrðum og matsviðmiðum:

Lágmarksskilyrði; eru ófrávíkjanleg skilyrði sem boðin vara eða þjónusta skal uppfylla til að tilboð verði tekið til nánari skoðunar.

Matsviðmið; má nota ef útboðsaðili vill veita tilboði aukastig sem stendur sig betur en lágmarksskilyrðin segja til um varðandi umhverfis- og gæðapætti. Í stigamatsgjöf geta matsviðmið fyrir umhverfisþætti vegið 10 til 15% af heildareinkunn.

HELSTU UMHVERFISÁHRIF

Helstu umhverfisáhrif	Nálgun
<ul style="list-style-type: none"> • Eyðing skóga og möguleg áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika • Losun óæskilegra aukaefna í vatn og andrúmsloft við pappírsframleiðslu • Orku- og vatnsnotkun við framleiðslu • Efnanotkun við framleiðslu • Úrgangur við framleiðslu og notkun 	<ul style="list-style-type: none"> • Kaup á endurunnum pappír sem er unninn úr endurunnum pappír eða pappír sem unnin er úr löglegum og/eða trefjum úr sjálfbærri framleiðslu. • Kaup á pappír þar sem framleiðslan losar lítið af úrgangsefnum og er orkunýtin. • Forðast notkun óæskilegra efna við pappírsframleiðslu og bleikingu pappírs.



1 PRENT- OG LJÓSRITUNARPAPPÍR

GRUNNVIÐMIÐ

LÁGMARKSSKILYRÐI

1. Hráefni pappírs

Pappír skal hið minnsta vera unninn úr:

- 75% endurunnum pappírstrefjum eða
- 20% pappírstrefjum frá viðurkenndri skógrækt.

Staðfesting: Vottorð um framleiðsluferli sem staðfestir að nýju trefjarnar hafi FSC eða PEFC vottun. Einnig eru samþykktir aðrir staðlar um sjálfbæra stjórnun skóga þar sem hlutfall vottaðs viðar er tilgreint. Einnig má staðfesta lögmætan uppruna viðar með vottuðu upprunaferli. Slík ferli/kerfi geta verið vottuð af þriðja aðila sem hluti af ISO 9001:2008 staðlinum og/eða ISO 14001:2004 staðlinum eða EMAS stjórnunarkerfi. Ef viðurinn sem trefjarnar eru unnar úr á uppruna að rekja til lands sem hefur gert „Voluntary Partnership Agreement“ - VPA samning, við Evrópusambandið má nota FLEGT leyfið sem sönnun.

Ef um er að ræða óvottaðar nýjar trefjar skulu bjóðendur tilgreina tegund, magn og uppruna trefjanna sem notaðar eru við pappírsframleiðslu ásamt því að leggja fram yfirlýsingu um lögmæti þeirra. Þá skal vera hægt að rekja feril þeirra á öllum stigum, frá skógarhöggi til vöruframleiðslu. Í sérstökum tilfellum, þar sem framlögð sönnunargögn þykja ekki fullnægja tækniforskrift, geta kaupendur farið fram á frekari útskýringar og sannanir.

Sé varan merkt með viðurkenndu umhverfismerki (Tegund I), svo sem Svaninum og Evrópublóminu, er það fullnægjandi staðfesting á að umhverfisviðmið séu uppfyllt. Einnig eru samþykkt önnur viðeigandi sönnunargögn, svo sem tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrslur frá viðurkenndum aðilum sem staðfesta að viðmið hafi verið uppfyllt.

2. Klórfrír pappír

Pappír skal ekki innihalda klór í frumformi (*Elementary Chlorine Free*).

Staðfesting: Sé varan merkt með viðurkenndu umhverfismerki (Tegund I), svo sem Svaninum, og Evrópublóminu, er það fullnægjandi staðfesting á að umhverfisviðmið séu uppfyllt. Þ.e. ef tekið er fram að pappírinn sé eingöngu unninn úr endurunnum pappírstrefjum. Einnig eru samþykkt önnur viðeigandi sönnunargögn, svo sem tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrslur frá viðurkenndum aðilum sem staðfesta að viðmið hafi verið uppfyllt.

3. Umbúðir

Ef vara er afhent í umbúðum úr plasti skulu umbúðir (að merkingum meðtöldum) ekki innihalda pólývínýlklóríð PVC eða plastefni úr öðrum tegundum klóraðra efna.

Staðfesting: Viðmið er uppfyllt ef birgi leggur fram undirritaða yfirlýsingu þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að kaupandi sannreyni hvort viðmið séu uppfyllt á samningstímabilinu og hann beiti viðeigandi viðurlögum ef viðmið er ekki uppfyllt.